

Hestamannafélagið Sprettur

Bæjarráð Garðabæjar

Bæjarstjóri Gunnar Einarsson

Garðatorg 7

210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mött. dags.	5. ágúst 2016
Málakall	10.32
Mál nr.	1608073

Kópavogi 01.08.2016

Efni:

Reiðvegir, viðhald og uppbygging.

Reiðveganefnd Hestamannafélagsins Sprettis fer þess á leit við sveitarfélögin Garðabæ og Kópavog að þau geri í fjárhagsáætlunum sínum ráð fyrir árlegri fjárupphæð til viðhalds og uppbyggingu reiðvega á félagssvæði Sprettis. Reiðveganefnd Sprettis hefur sinnt viðhaldi reiðvega á félagssvæðinu eftir fremsta megni en það reiðvegafé sem úr er að spila dugir engan vegin til þess viðhalds sem reiðvegirnir þurfa. Það reiðvegafé sem við höfum haft úr að spila kemur af vegaáætlun (samgönguáætlun) og er úthlutað af Landssambandi hestamannafélaga (LH). Undanfarin ár hefur komið í hlut Sprettis 1.2 - 1.8 m.kr. á ári. Reiðvegafé af vegaáætlun hefur verið óbreytt síðan 2010 og er óbreytt í samgönguáætlun til ársins 2018 eða 60. m.kr. á ári, þar af úthlutar LH 50. m.kr. til 46 hestamannafélaga um allt land.


Reiðveganefnd gerir ráð fyrir að Kópavogur sinni uppbyggingu og viðhaldi reiðvega sem liggja um íbúðarsvæði, s.s. um Þinga- og Hvarfahverfi, svo sem verið hefur. Reiðveganefnd gerir ráð fyrir að Garðabær standi straum af kostnaði við reiðveg um Grunnuvatnaskarð og Grunnuvötn.

Hestamannafélagið Sprettur, reiðveganefnd, hvetur sveitarfélögin til að gera samning við hestamenn um árleg framlög til viðhalds reiðvega. Í náinni framtíð eða árið 2022 verður haldið Landsmót hestamanna á Kjóavöllum og áriðandi að reiðvegir á félagssvæðinu verði í eins góðu ástandi og mögulegt er.

Hugmyndir okkar Sprettara er að bæjarfélögin leggji fram 2.5 – 3.0 milljónir króna hvort næstu árin, þannig að með framlagi frá LH geti upphæð til lagfæringa og viðhalds reiðvega numið 6 - 8 m. kr. á ársgrundvelli.


Virðingarfyllst

f.h. hmf. Sprettis



Sveinbjörn Sveinbjörnsson

formaður Sprettis



Halldór H. Halldórsson

form. reiðveganefndar

Fylgirit: Umsóknir Sprettis um reiðvegafé 2016.

Erindi sama efnis sent bæjarstjóra og bæjarráði Kópavogs.

Hestamannafélagið Sprettur

Bæjarráð Kópavogs

Bæjarstjóri Ármann Kr. Ólafsson

Fannborg 2

200 Kópavogur

Kópavogi 01.08.2016

Efni:


Reiðvegir, viðhald og uppbygging.

Reiðveganefnd Hestamannafélagsins Sprettis fer þess á leit við sveitarfélögin Garðabæ og Kópavog að þau geri í fjárhagsáætlunum sínum ráð fyrir árlegri fjárupphæð til viðhalds og uppbyggingu reiðvega á félagssvæði Sprettis. Reiðveganefnd Sprettis hefur sinnt viðhaldi reiðvega á félagssvæðinu eftir fremsta megni en það reiðvegafé sem úr er að spila dugir engan vegin til þess viðhalds sem reiðvegirnir þurfa. Það reiðvegafé sem við höfum haft úr að spila kemur af vegaáætlun (samgönguáætlun) og er úthlutað af Landssambandi hestamannafélaga (LH). Undanfarin ár hefur komið í hlut Sprettis 1.2 - 1.8 m.kr. á ári. Reiðvegafé af vegaáætlun hefur verið óbreytt síðan 2010 og er óbreytt í samgönguáætlun til ársins 2018 eða 60. m.kr. á ári, þar af úthlutar LH 50. m.kr. til 46 hestamannafélaga um allt land.

Reiðveganefnd gerir ráð fyrir að Kópavogur sinni uppbyggingu og viðhaldi reiðvega sem liggja um íbúðarsvæði, s.s. um Þinga- og Hvarfahverfi, svo sem verið hefur. Reiðveganefnd gerir ráð fyrir að Garðabær standi straum af kostnaði við reiðveg um Grunnuvatnaskarð og Grunnuvötn.

Hestamannafélagið Sprettur, reiðveganefnd, hvetur sveitarfélögin til að gera samning við hestamenn um árleg framlög til viðhalds reiðvega. Í náninni framtíð eða árið 2022 verður haldið Landsmót hestamanna á Kjóavöllum og áriðandi að reiðvegir á félagssvæðinu verði í eins góðu ástandi og mögulegt er.

Hugmyndir okkar Sprettara er að bæjarfélögin leggji fram 2.5 – 3.0 milljónir króna hvort næstu árin, þannig að með framlagi frá LH geti upphæð til lagfæringa og viðhalds reiðvega numið 6 - 8 m. kr. á ársgrundvelli.




Sveinbjörn Sveinbjörnsson

formaður Sprettis

Virðingarfyllst

f.h. hmf. Sprettis



Halldór H. Halldórsson

form. reiðveganefndar

Fylgirit: Umsóknir Sprettis um reiðvegafé 2016.

Erindi sama efnis sent bæjarstjóra og bæjarráði Garðabæjar

